

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Skálmholt, land, L186112, aukið byggingarmagn.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Huldu- og Maríuhóla í landi Skálmholts. Í breytingunni felst að byggingarheimildir eru rýmkaðar.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. nóvember 2025.

Deiliskipulagsbreyting, Lækjarholt 4, L231163, stækkun byggingarreits og aukið byggingarmagn.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Lækjarholts 4, L231163. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits á lóðinni og að heimilt verði að reisa þar þrjú geymsluhús og/eða skemmur í stað einnar. Einnig er leyfilegt byggingarmagn aukið úr 400 fm í 600 fm.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. nóvember 2025.

Deiliskipulagsbreyting, Krækishólar, L166421, aukið byggingarmagn.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Krækishóla. Í breytingunni felst að byggingarheimildir eru rýmkaðar.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. nóvember 2025.

Deiliskipulagsbreyting, Óshólar, L210325, aukið byggingarmagn og stækkun byggingarreits.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Óshóla, L210325. Í breytingunni felst að byggingarreitir 1 stækkar til norðausturs og heimilt verður að byggja á honum allt að 450 m² skemmu ásamt 350 m² íbúðarhúsi.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. nóvember 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. janúar 2026.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.